



Kynning á framboði til stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins 2026

Ágætu sjóðfélagar,

Ég heiti Hólmfríður Einarsdóttir og býð mig fram til setu í stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins.

Ég hef víðtæka reynslu af rekstri, stefnumótun og stjórnarstörfum og starfa í dag sem framkvæmdastjóri Blue Lagoon Skin Science ehf. Áður hef ég starfað meðal annars hjá Íslandsbanka, Kaupþingi og Símanum, auk þess að starfa sem framkvæmdastjóri í alþjóðlegu umhverfi. Í þessum störfum hef ég byggt upp sterkan skilning á fjármálum, rekstri, nýsköpun og því hvernig skapa má sjálfbær verðmæti til lengri tíma.

Ég er með MBA gráðu frá Rotterdam School of Management, Erasmus University og B.Sc. gráðu í viðskipta- og alþjóðamarkaðsfræði frá Háskólanum í Reykjavík. Ég hef jafnframt lokið námi í stjórnarháttum fyrirtækja frá Erasmus University og diplomanámi í viðurkenndum stjórnarmönnum frá Akademías.

Ég bjó og starfaði í Hollandi í um tíu ár, þar sem ég öðlaðist dýrmæta alþjóðlega reynslu og innsýn í rekstur og viðskipti á alþjóðavísu. Ég hef víðtæka reynslu af stjórnarstörfum og hef setið í stjórnnum bæði fyrirtækja og hagsmunasamtaka, þar sem ég hef komið að stefnumótun, rekstri og þróun þeirra. Meðal þeirra eru Stamina, Íslandssjóðir, Dropi, Golfskálinn, Forskot og Tjarnargata. Þá hef ég einnig lagt mitt af mörkum í stjórnnum ýmissa hagsmunasamtaka, þar á meðal Samtaka kvenna í sjávarútvegi, Samtaka auglýsenda og ÍMARK. Auk þess hef ég gegnt formennsku í fagráði um nýsköpun og atvinnuþróun á Vestfjörðum.

Ég legg áherslu á fagleg vinnubrögð, vandaða ákvarðanatöku og virka þátttöku í stjórnnum, þar sem fjölbreytt reynsla og ólík sjónarmið nýtast við mótun skýrra og farsælla ákvarðana.

Sem stjórnarmaður mun ég leggja sérstaka áherslu á:

- Skýra og agaða stefnumótun með langtímahagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi
- Ábyrga áhættustýringu og sterkt innra eftirlit
- Gagnsæi og vandaða upplýsingagjöf

- Skilvirka nýtingu fjármuna og traustan rekstur
- Áframhaldandi þróun góðrar þjónustu við sjóðfélaga
- Öflugt markaðs- og kynningarstarf, bæði til núverandi sjóðfélaga og til að efla nýliðun í sjóðnum

Ég hef verið sjóðfélagi í Frjálsa lífeyrissjóðnum í yfir 25 ár og þekki vel mikilvægi þess að sjóðurinn sé rekinn af ábyrgð, fagmennsku og traustri langtímahugsun.

Ég vil leggja mitt af mörkum til að styðja við áframhaldandi traustan rekstur sjóðsins og skapa verðmæti fyrir sjóðfélaga til framtíðar.

Hólmfríður Einarsdóttir